

Skólaganga nemenda í 9.-10. bekk í Grímsey – reglur

Þar sem ekki er boðið upp á kennslu í þessum bekkjum í Grímseyjarskóla þurfa nemendur að sækja annað og er reiknað með að sóttir séu aðrir skólar í Akureyrarbæ að öllu jöfnu.

Á fundum með foreldrum í Grímsey hefur það komið skýrt fram að það er þeirra vilji að börn þeirra fari í aðra skóla en Grímseyjarskóla í 9. og 10. bekk. Á meðan svo er gilda þessar reglur.

- Með hverjum nemanda sem sækir skóla í 9. og 10. bekk utan Grímseyjar er greiddur framfærslustyrkur sem skiptist þannig að greiddar eru kr. 1.070 dag hvern yfir skólaárið vegna húsnæðis og kr. 1.930 hvern dag sem nemandi dvelur utan heimilis, vegna uppihalds og umönnunar. Þessar upphæðir breytast samkvæmt vísitölu neysluverðs án húsnæðis sem er 344,9 í ágúst 2010.
- Hver nemandi sem sækir skóla í land í 9. og 10. bekk grunnskóla fær greiddan kostnað vegna eins flugfars í mánuði til Grímseyjar þá 9,5 mánuði sem skólastarf stendur.
- Heimilt er að samþykkja að nemandi sæki grunnskóla í 9. og 10. bekk í öðru sveitarfélagi ef aðstæður hans eru þess eðlis að það þyki rétt með hagsmuni hans að leiðarljósi.
- Þessar reglur eiga ekki við ef nemandi býr hjá fjölskyldu sinni sem hefur þá aðsetur á Akureyri.

Samþykkt á fundi skólanefndar 11. október 2010.